

Upplifanir í borðabókunum Noona HQ

Síðast uppfært 24/06/2026 11:59 am BST

Búa til upplifunina

Fyrsta skref er að búa til upplifunina:

- Smellir á **valmyndina** (þrjú strikin uppi í vinstra horninu).
- Velur "**Upplifanir**" (Experiences).
- Smellir á "**Bæta við**" í hægra horninu.

+ Bæta við

Upplýsingar á viðburðinum

Næsta skref er að setja inn grunnupplýsingarnar sem þú vilt að komi fram á upplifuninni eins og nafn, lýsing og lengdina á henni. Einnig getur þú sett inn upplýsingar um verð og fjölda gesta.

Ný upplifun

Upplýsingar Netbeiðnir

Grunnupplýsingar

Nafn upplifunar

Lýsing

Litur

Lengd

Hlé eftir bókun mín

Gestir per bókun

Lágmark

Hámark

Verð og valkostir

Verð per gest

+ Nýr valkostur

Netbeiðnir

Ef þú ætlar að birta upplifunina í netbeiðnum þá þarftu að passa upp á að hakið „birta þjónustu í netbeiðnum“ sé á. Hér getur þú einnig sett inn mynd sem passar við upplifunina, stjórnað hvaða borð eru bókanleg og haft sérsniðin skilaboð sem birtast á staðfestingarskjá eftir bókun.

Ný upplifun

Upplýsingar **Netbeiðnir**

Birta þjónustu í netbeiðnum

Bókunarhlekkur

Kláraðu að stofna og komdu síðan aftur til að sækja hlekk beint í bókunarflæðið - snilld fyrir tilboð, auglýsingar eða til að setja á samfélagsmiðla.

Nafn upplifunar
60 mín · Ekkert verð skráð

Borð Allt valið >

Stilla fyrirframgreiðslur
Krefjast staðfestingargjalds
Tegund Kortaupplýsingar >
Upphæð 0 ISK / gest >
Lágmarksfjöldi gesta 0 >

Samskipti við viðskiptavin
Staðfestingarskilaboð
Bókunarspurning

i Þegar mynd er sett inn á upplifunina, stofnast sjálfkrafa upplifunarsíða sem hægt er að deila hlekk á tiltekna upplifun. Hlekkurinn er undir netbeiðnum í upplifuninni.


Breyta upplifun

Upplýsingar **Netbeiðnir**

Birta þjónustu í netbeiðnum

Bókunarhlekkur

Svona líta upplifunarsíðurnar út:



Reglusettt

Til þess að ákvarða hvenær á að vera hægt að bóka ú upplifunina þá þarftu að setja upp reglusettt.


1. Byrjar á því að smella á **valmyndina** (þrjú strikin uppi í vinstra horninu).
2. Velur **"Reglusettt"**.
3. Smellir á **"+Bæta við"** í hægri horninu

+ Bæta við

4. **Nýtt reglusettt**

Nýtt reglusettt

Þar getur þú valið hverskonar reglu þú vilt setja upp. Um er að ræða 6 mismunandi tegundir af reglum.



- **Opnunartímar:** Þessi reglar ákvarðar opnunartímann fyrir viðburðinn. Athugið að ef opnunartíminn á að vera öðruvísi en hefðbundinn opnunartími þá þarf að stilla hann hér.
- **Netbókanir:** Hérna ertu að stilla hvenær viðskiptavinir eiga að geta bókað í viðburðinn á netinu.
- **Sérnsniðinn hámarksfjöldi gesta:** Hér setur þú inn hámarksfjölda gesta sem getur komið á viðburðinn.
- **Yfirskrifa lengd bókanar:** Hér getur þú breytt lengdinni á bókuninni og ef það á við um ákveðinn fjölda gesta.
- **Greiðslur:** Þú getur krafist fyrirframgreiðslu, staðfestingargjalds eða að fá kortaupplýsingar viðskiptavinar fyrir

bókun á viðburðum.

Tegund

Full fyrirframgreiðsla
Gestir verða að greiða fulla upphæð þegar þeir bóka á netinu.

Staðfestingargjald
Gestir verða að setja inn kortaupplýsingar við bókun. Þú getur rúkað skrópgjald ef gestur mætir ekki.

Kortaupplýsingar
Krefjast kortaupplýsinga til að staðfesta bókanir. Þú hefur möguleika á að rúka skrópgjald þegar bókun er merkt sem skróp.

Hætta við **Staðfesta**

- **Sérnsniðin skilaboð:** Hér getur þú sérnsniðið skilaboðin sem viðskiptavinir fá send í tölvupósti og við staðfestingu á bókun fyrir viðburðinn.

5. Síðasta skrefið er síðan að stilla dagsetninguna fyrir upplifunina. Það er gert með því að ýta á **þrjá punktana** hægra megin á reglusettinu



-> Velur síðan + **Bæta við tímabili**

+ Bæta við tímabili

og setur þar inn dagsetninguna eða tímabilið undir 'upphafs dagsetning' og 'loka dagsetning'.

Bæta við reglusetti

Nafn	Sápubolti Lau
Upphafs dagsetning	31. May 2025 >
Loka dagsetning	31. May 2025 >

Hætta við **Staðfesta**

Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbútbluna eða í tölvupósti á hq@noona.is ef einhverjar spurningar eða þælingar vakna?